

Nefndasvið Alþingis



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. apríl 2014  
Tilvísun: UST20140300233/sá

**Umsögn - Tillaga til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki, þingskjal 635 — 340. mál.**

Með bréfi, dags. 20. mars 2014, sendi utanríkismálanefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki til umsagnar Umhverfisstofnunar

Í 2. mgr. tillögunnar er áréttuð ályktun Alþingis frá 26. febrúar 2013: " Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að treysta tvíhliða samskipti og samvinnu við Evrópusambandið og Evrópuríki" og miðar hún í senn að góðu samstarfi við Evrópusambandið og virkri hagsmunagæslu gagnvart því m.a. á grundvelli EES-samningsins.

Umhverfisstofnun hefur umtalsverða reynslu af framkvæmd EES-samningsins enda eru efnisreglur á sviði mengunarvarna og efnamála nánast alfarið EES reglur. Þróun ESB reglna undanfarin ár hefur verið í þá átt að skilja ekki á milli mengunarvarna og náttúruverndar. Sést það best á reglum um vatnsvernd og umhverfisábyrgð.

Þetta samstarf á Evrópuvettvangi telur Umhverfisstofnun gríðarlega mikilvægt til að hlúa að jafnri samkeppnisstöðu fyrirtækja og samræmdri neytendavernd. Þá er til þess að líta að mörg af stærstu viðfangsefnum í umhverfisvernd verða ekki leyst nema með öflugum alþjóðlegu samstarfi. Er þar m.a. átt við loftslagsmál og vernd hafsins.

Í fylgiskjali I með tillögunni er lögð áhersla á aukna þátttöku stjórnmalamanna og embættismanna í hagsmunagæslu tengdu Evrópusamstarfi, með það að markmiði að auka áhrif Íslands á mótun og töku ákvarðana á þessum vettvangi.

**„2. Tengsl embættismanna.**

1. Réttur til fundarsetu í nefndum og sérfræðingahópum framkvæmdastjórnar ESB sé nýttur sem best til gæslu íslenskra hagsmuna.
2. Innan Stjórnarráðsins sé ferðasjóður til að auðvelda einstökum ráðuneytum á grundvelli rökstuddra umsókna að senda fulltrúa sína eða sérfræðinga til funda í Brussel. Þá verði einnig skapað fjárhagslegt svigrúm til að bregðast við útgjöldum, ef einstök mál krefjast sérstakrar athygli.
3. Þá verði einnig skapað fjárhagslegt svigrúm til að bregðast við útgjöldum, ef einstök mál krefjast sérstakrar athygli.
4. Starfsmenn ráðuneyta og opinberra stofnana fái aukin tækifæri til að starfa tímabundið

hjá EFTA, ESA og EFTA-dómstólnum til að auka reynslu og þekkingu þeirra á ESB og EES-samstarfinu.


5. Starfsmenn ráðuneyta og opinberra stofnana fái tækifæri til að starfa sem sérfræðingar á kostnað íslenska ríkisins hjá framkvæmdastjórn ESB, ef áhugi er fyrir slíku af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.
6. Tryggð sé virk þátttaka embættismanna og sérfræðinga í nefndum vegna Schengen-samstarfsins.“

Umhverfisstofnun bendir á að aðeins skrifstofustjórar, ráðuneytisstjórar og forstjórar stofnana eru skilgreindir embættismenn. Þessi framsetning bendir því til þess að ekki sé gert ráð fyrir því að sérfræðingar stofnana og ráðuneyta geti sinnt hagsmunagæslu fyrir Ísland á vettvangi EES-samningsins. Umhverfisstofnun bendir á að sérfræðingar á vegum stofnunarinnar hafa gengt mikilvægu hlutverki á fundum framkvæmdastjórnar ESB m.a. sem varða viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, vatnsvernd á grunvelli vatnatilskipunarinnar og hjá Efnastofnun Evrópu með bæði heilsu- og umhverfisvernd að markmiði. Takmarkað fjármagn hefur verið til að sækja fundi erlendis og hefur það að nokkru marki verið bætt upp með fjarfundum. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir ferðakostnaði til hagsmunagæslu en ekki síður til að stuðla að markvissri framkvæmd þeirra reglna sem teknar eru upp í EES-samninginn með hliðsjón af þeim sjónarmiðum um árangur sem rakin voru hér að framan. Loks má benda á að skil stofnana á upplýsingum um framkvæmd EES reglna á Íslandi geta verið tækifæri til að hafa áhrif á frekari þróun viðkomandi reglna.


Stofnunin telur ennfremur mjög æskilegt að auka samstarf stofnunarinnar við Evrópsk ríki sem og önnur ríki að því er varðar fjölbreytni náttúrunnar og vernd náttúruvendarsvæða.

Tillögur 4. og 5. um skiptistörf telur stofnunin verulega jákvæðar.

Virðingarfyllt



Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri